



## Stjórn SSH 385. fundur

**Mánudaginn 7. janúar 2013** kl.12:15 kom stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu saman til fundar á skrifstofu SSH að Hamraborg 9, Kópavogi.

Eftirtaldir stjórnarmenn og varamenn sátu fundinn: Gunnar Einarsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Bryndís Haraldsdóttir, Dagur B. Eggertsson, Ármann Kr. Ólafsson, og Guðný Ívarsdóttir.  
Forföll: Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir  
Hrafnkell Á Proppé, svæðisskipulagsstjóri SSH sat einnig fundinn  
Framkvæmdastjóri, Páll Guðjónsson ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

### **1. Endurskoðun vatnsverndar fyrir höfuðborgarsvæðið.**

Fyrir lá verklýsing vegna heildarendurskoðunar á vatnsvernd fyrir höfuðborgarsvæðið.

HÁP fór yfir stöðu vinnu við undirbúning og framkvæmd vatnsverndar fyrir höfuðborgarsvæðið sem nú er í vinnslu, kynnti helstu verkþætti og tímasetningar í máli. Gert er ráð fyrir að vinna verkfræðistofunnar Vatnaskila leiði af sér helstu forsendur fyrir skilgreiningu verndarsvæða ( brunnsvæða, grannsvæða og fjarsvæða ) á síðari hluta ársins, og að skipulagsferli vegna endurskoðunarinnar ljúki á fyrri hluta árs 2014. Verklýsingin hefur verið send aðildarsveitarfélögunum til kynningar, og í framhaldi af því fer hún formlega til kynningar og auglýsingar.

### **2. Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins - endurskoðun.**

HÁP fór yfir stöðu vegna undirbúnings á heildarendurskoðun svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins og þau viðfangsefni sem fyrir liggja vegna fyrirsjáanlegra breytinga sem gera þarf á nágildandi svæðisskipulagi meðan heildarendurskoðun þess er í vinnslu.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 13:40